

REGLUGERÐ

um viðhald og skoðun loftfara.

1. gr.

Loftfari má ekki fljúga nema það hafi lofthæfnisskírteini og loftfarinu sé haldið við og það skoðað samkvæmt þessum reglum.

2. gr.

Loftfarinu skal haldið við og það skoðað samkvæmt þeim reglum, sem getur í handbók og/eða viðhaldsáætlun fyrir hvert loftfar. Gildir þetta um alla hluta loftfarsins.

Flugmálastjóri getur ákveðið, að loftfarinu skuli haldið við og það skoðað eftir öðrum reglum, en að ofan getur og hann hefur samþykkt. Skulu þær reglur þá skráðar í lofthæfnisskírteinið eða vera fylgiskjal þess. Hann getur fyrirskipað fyrirvaralausna skoðun á loftfari, ef hann telur ástæðu til.

Loftfar skal skoðað af trúnaðarmanni loftferðaeftirlitsins til endurnýjunar lofthæfnisskírteinis.

3. gr.

Hverju loftfari fylgi sérstök bók, sem í sé skráð, þegar viðhald og skoðun fer fram og má eigi fljúga loftfari, ef komið er yfir tilskilinn skoðunartíma eða ef ætla má, að fyrirhuguð loftferð taki svo langan tíma, að loftfar komist yfir skoðunarmark, nema tíminn fari eigi fram úr 1% af þeim tíma, sem líða má milli skoðana.

4. gr.

Flugmálastjóri hefur ávallt aðgang að skoðunarbók og öðrum bókum, er loftfar varðar í því skyni að hafa eftirlit með því, að viðhaldsskyldu sé fullnægt.

5. gr.

Aðeins þeir flugvélavirkjar, sem hafa réttindi til viðhalds og viðgerða ákveðinna tegunda loftfara, mega annast þau störf, enda séu réttindi skráð í skírteini þeirra sbr. reglugerð um fluglið 20. og 21. gr.

6. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skulu sæta meðferð opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem selt er samkvæmt heimild í 3. kafla, sbr. 188. gr. laga nr. 34 21. maí 1964 um loftferðir staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 15. september 1967.

Ingólfur Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.